Morgunblaðið

MENNING
LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 22. FEBRÚAR 1992 BLAÐ B

**Kjarvalsstaðir:**

# MÁLVERK JÓHÖNNU KRISTÍNAR

**YFIRLITSSÝNING á verkum listakonunnar Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur (1953-1991) verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Þegar Jóhanna Kristín lést í mars síðastliðnum, aðeins 37 ára að aldri, var að baki stuttur en engu að síður glæsilegur ferill helgaður myndlistinni. Verkin á sýningunni eru í eigu safna og einkaaðila.**

Í grein um listakonuna í sýningarskránni segir Kristín Guðnadóttir að í íslenskri listasögu skipi Jóhanna Kristín veglegan sess sem fulltrúi hins fígúratíva expressjónisma. Í verkum sínum notaði hún jafnt ytri sem innri raunveruleika sem hráefni til miðlunar djúpstæðra tilfinninga og sá hugmyndaheimur, er birtist á lérefti hennar, var oft all nöturlegur. Dýpt og einlægni í túlkun einkenna verk hennar, sem eru máluð af öryggi og krafti. Hún skapaði af sannfæringarkrafti áleitin verk sem vekja erfiðar spurningar, sem sumum hverjum verður seint svarað.

Jóhanna Kristín nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1972 til 1976, og var við framhaldsnám í borgunum Haag og Amsterdam í Hollandi til ársins 1980. Hún hélt fimm einkasýningar; fjórar í Reykjavík og eina á Grænlandi, og átti verk á fjölda samsýninga á síðasta áratug, hér heima og erlendis.

Þrátt fyrir að á mótunar- og námsárum Jóhönnu Kristínar væri hugmyndalistin hvað mest áberandi, þá átti málverkið ætíð hug hennar. Hún leitaði á mið tilfinninganna og sá tjáningarmáti sem hentaði henni best var fígúratívur expressjónismi, og einkennast myndir hennar af einlægri tjáningu sprottinni úr persónulegri upplifun.


Fyrsta einkasýning Jóhönnu Kristínar var í Nýlistasafninu vorið 1983 og hlaut hún mjög góðar viðtökur. Valtýr Pétursson skrifaði um hana í Morgunblaðið undir fyrirsögninni *Merkileg sýning*: „Þarna kemur fram málari af þeirri stærðargráðu, að furðu sætir, og er maður svo fær að vita, að tæplega þrítug manneskja er þarna að verki, verður dæmið enn skemmtilegra ... en með þessari sýningu sem á voru aðeins 12 olíumálverk, haslar hún sér svo sannarlega völl og það í fremstu víglínu ungra listamanna hérlendis."

Myndefni Jóhönnu Kristínar var fólk, og frekar konur og börn en karlmenn. Í viðtali í Þjóðviljanum 20. maí 1984 segir hún: „Ég mála persónur en ekki portrett endilega. Fólk inspírerar mig, einkum börn. Stundum fæ ég þau til að sitja fyrir ... Oftast mála ég þó upp úr sjálfri mér, eitthvað sem hefur snert mig persónulega, minningar eða fólk sem er mér náið."


Á árunum 1983 og 84 var þátttaka Jóhönnu Kristínar í sýningahaldi hvað mest, og umsagnir gagnrýnenda héldu áfram að vera góðar. Þannig skrifaði Halldór Björn Runólfsson í Þjóðviljann 19. maí 1984 um sýningu hennar í Listmunahúsinu: „Hér er á ferð óvenju sterk sýning full af einkennum þess besta sem finna má í málaralist samtímans."

Í sýningarskrá árið eftir dregur Jóhann Kristín síðan upp þessa sjálfsmynd í texta: „Jóhanna Kristín Yngvadóttir er þrjátíu og eins árs Reykvíkingur ... Unir sér ein. Feimin. Ætlaði alltaf að verða listakona. Helst leikkona. Hélt á vit þagnarinnar. Litanna ... Hún segir aldrei frá því sem henni liggur á hjarta. Samt liggur henni mikið á hjarta ..."

-efi



*Sjálfsmynd* 1987; 170 x 140 sm, olía á striga. Í eigu Listasafns ASÍ.



Jóhanna Kristín Yngvadóttir Við mynd sína *Messalínu*